

51. fundur skólanefndar

Menntaskólans að Laugarvatni

haldinn á kennarastofu 18. nóvember 2005 kl. 13.00

Fundinn sátu Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður, Margeir Ingólfsson, Gunnar Þorgeirsson, Edda Antonsdóttir, Sigurpáll Árnason, Halldór Páll Halldórsson, Páll M Skúlason, Fulltrúi kennara var forfallaður.

Dagskrá:

1. Daglegt skólastarf
2. Styrkveitingar til afburðanemenda
3. Námskeið fulltrúa í skólanefndum framhaldsskóla
4. Ársreikningur skólans 2004
5. Reikningsskil mötuneytis 2004-5
6. Fjárlagafrumvavarpíð
7. Vikulegur skólaakstur í uppsveitum
8. Önnur mál.

Formaður bauð nýjan fulltrúa, Margeir Ingólfsson velkominn til starfa.

1. Daglegt skólastarf

Skólameistari gerði grein fyrir ýmsum þáttum sem tilheyra starfsmannamálum. Nýir kennarar á þessu skólaári eru Marc André Portal sem kennir frönsku í afleysingum og Áslaug Harðardóttir sem kennir hluta af þýsku.

Um er að ræða ýmsar aðrar breytingar, flestar tímabundnar, en starfsmannavelta er afar lítil.

Dreift var afhendi með upplýsingum um nemendafjölda og og skiptingu nemendahópsins eftir ýmsum forsendum. (*fskj.1*)

Skólanefnd er ánægð með góðan stíganda í nemendafjölda.

Skólameistari sagði stuttlega frá ML-deginum sem haldinn var í gær, en þá komu um 300 grunnskólanemendur í heimsókn í skólann. Þótti dagurinn hafa tekist með afbrigðum vel.

2. Styrkveitingar til nemenda

Skm lagði fram drög að reglum fyrir Styrktarsjóð Menntaskólans að Laugarvatni, í framhaldi af umræðum á síðasta fundi, en unnið hefur verið að útfærslunni síðan. (*fskj 2*)

Edda kvað svona reglur geta orðað tvímælis: að styrkja nemendur eftir árangri í námi frekar en eftir efnahag eða félagslegri stöðu – velti fyrir sér hvort ekki væri eðlilegt að hægt væri að sækja í sjóðinn og úthlutunarnefnd tæki afstöðu til umsókna.

Það komu fram skoðanir um að tormeðki væru á slíkri framkvæmd.

Formaður gerði grein fyrir umræðunni sem átti sér stað s.l. vor, m.a. ákvörðun um að setja málið í þennan undirbúningsferil.

Skm. lýsti þeirri skoðun sinni að rétt sé að umbuna afburðanemendum, en á móti kom sú skoðun Eddu að etv. væri réttara að umbuna fyrir hve mikið viðkomandi leggur sig fram í námi.

Form lagði til, að þar sem ekki lægi sérlega mikið á að taka ákvörðun um hvernig þessum sjóði verði fyrir komið, að ákvörðun verði frestað til vorfundar. Fram að þeim tíma verði skoðað t.d. hvernig staðið er að styrkveitingum úr sjóðum af svipuðum toga. Skm. falið að kynna sér þetta.

3. Námskeið fulltrúa í skólanefndum framhaldsskóla

Formaður greindi frá námskeiði sem hann og Gunnar sóttu. Formaður lýsti sig nokkuð ánægðan með námskeiðið, á heildina litið. Mörg erindi voru flutt og farið gegnum helstu þætti í störfum skólanefnda, lög og reglugerðir og ýmislegt annað sem lýtur að störfum nefndanna.

Þeir félagar gerðu grein fyrir ýmsum atriðum sem stóðu upp úr á námskeiðinu.

4. Ársreikningur skólans 2004

Skm. gerði grein fyrir þessum lið og dreifði blaði með niðurstöðutölum (*fskj. 3*)

Skv. því var rekstrarafgangur 2004 kr. 1.678.609.

Fjárframlög til skólans taka mið af því að nemendur við skólann séu 160 og er gert ráð fyrir því, í samningi, að sá fjöldi náist árið 2006. Skólameistari er þess fullviss að það markmið náist. Aðrir fundarmenn voru sama sinnis

5. Reikningsskil mötuneytis 2004-5

Skm. dreifði ársreikningi mötuneytisins frá ágúst 2004 til júlí 2005. (*fskj 4*)

Mötuneytið var rekið með hagnaði og telur skm. það nauðsynlegt.

Þvottahúsgjald lækkar vegna þess að grunngjald var sett inn í herbergisleigu.

Skm sagði frá aukningu í viðskiptavinahópi með samningi við Bláskógabyggð vegna grunn- og leikskóla. Þá hefur komið fyrirspurn frá ÍKHÍ um fæði fyrir nemendur þar. Hún er í vinnslu.

Gunnar spurði um afskriftir á eldri kröfum. Skm kvað manneskjulega aðferð notaða upp að vissu marki, en þegar þangað væri komið væru kröfur sendar til Intrum í innheimtu. Ekki væri mikið um afskriftir.

6. Fjárlagafrumvarpið

Skm. sagði að skv frumvarpinu hækki framlag til skólans um tæpar 10 milljónir.

Hann greindi frá 40 milljónum sem sérmerktar eru Héraðsskólahúsinu. Til upplýsingar.

7. Vikulegur skólaakstur í uppsveitum

Skm. fylgdi úr hlaði. Gerði grein fyrir hugmynd um að bjóða upp á skólaakstur á mánudagsmorgnum frá Flúðum um Laugarás og Reykholt og til baka síðari hluta föstudags. Fór hann yfir ýmsar tölur í þessu sambandi, en ljóst er að af yrði þá myndi það kosta skólann einhverja upphæð.

Almennt virtust nefndarmenn á því að akstur fram og til baka með þessum hætti skipti ekki sköpum, það sé frekar spurningin um daglegan akstur. Þetta muni fyrst verulega koma til álita þegar nemendafjöldi fer fram úr því sem hægt er að hýsa á heimavist. Engu að síður verður málið áfram til umræðu.

8. Önnur mál.

a. Skm. kynnti bréf námsstyrkjanefndar þar sem fallist er á að nem. í Biskupstungum njóti fulls dvalarstyrks.

b. Skm. og Margeir kynntu stuttlega fyrirhuguðu samkomulagi ráðuneytis og sveitarfélags um makaskipti á landi, sem felur í sér að unnt verður að skipuleggja íbúðabyggð sunnan og vestan skólabygginga. Unnið hefur verið að málinu framhaldi af skýrslu nefndar um framtíðarþróun byggðar á Laugarvatni.

Fundi slitið kl 15.00

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason